



Samantekt umræðna frá samráðsfundum vegna stjórnunar- og verndaráætlunar friðlands á Hornströndum

Háskólaþing Vestfjarða þann 15. nóvember 2017
Starfsstöð Umhverfisstofnunar í Reykjavík þann 23. nóvember 2017

Umhverfisstofnun, í samstarfi við Ísafjarðarbæ og Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurbrepps vinnur nú að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðand á Hornströndum. Í upphafi stefnumótunarferlisins var ákveðið að halda tvo samráðsfundi, einn opinn íbúa- og hagsmunaaðilafund á Ísafirði og annan fund í Reykjavík fyrir land- og húseigendur og meðlimi áttthagafélaga.

Samráðsfundirnir tveir voru afar vel sóttir og fundarfólk almennt mjög virkt í þátttöku í umræðunum. Á fundunum tveimur voru sömu kynningarnar og sömu þemu lögð fyrir fundargesti til umræðu. Þemun voru samtals fjögur. Ákveðin málefni voru rædd í öllum hópunum og má þar nefna komu skemmtiferðaskipa, ferðaþjónustu og verndun svæðisins. Það sem einkenndi fundina var mikill samhljómur þótt að nokkuð væri um skoðanaskipti á fundinum og ýmsar hugmyndir viðraðar, voru niðurstöður hópstjóra í lok fundar almennt mjög svipaðar. Þar var kallað eftir betri stjórnun á friðlandinu, ábyrgri ferðaþjónustu inni á svæðinu og verndun landslags og lífríkis þess.

Umræðuþemun voru fjögur talsins en sömu umræðuþemu voru lögð fyrir fundargesti beggja funda og óskað eftir ábendingum og athugasemdum varðandi þau. Niðurstöður umræðna er að finna hér að neðan.

Fyrirvari – hér er aðeins um að ræða samantekt umræðna en ekki lokaniðurstöðu eða skoðun samstarfshópsins.

Efnisyfirlit

1.1.	Þema 1 - Hvert er ágangspól friðlandsins?	3
1.1.1.	Árstíðir – mismunur á svæðum	3
1.1.2.	Skemmtiferðaskip.....	3
1.1.3.	Tegund ferðamennsku	3
1.1.4.	Fjór hjól.....	3
1.1.5.	Innviðir og þolmörk	4
1.1.6.	Vetrarferðamennska	5
1.1.7.	Lífriki - ágengar tegundir	5
1.1.8.	Samstarf.....	5
1.1.9.	Mönnuð og ómönnuð loftför	5
1.2.	Þema 2 - Framtíðarsýn	6
1.2.1.	Hagsmunir/ferðapjónusta	6
1.2.2.	Vélknúin ökutæki.....	7
1.2.3.	Skemmtiferðaskip.....	7
1.2.4.	Minjar	7
1.3.	Þema 3 – Verndargildi.....	7
1.3.1.	Menningarminjar.....	7
1.3.2.	Náttúruminjar.....	8
1.4.	Þema 4 - Þjónusta	9
1.4.1.	Sorp	9
1.4.2.	Viðvera.....	9
1.4.3.	<i>Fræðsla</i>	9
1.4.4.	Öryggi	9

1.1. Þema 1 - Hvert er ágangspól friðlandsins?

*Spurningin **hvert er ágangspól friðlandsins** var lögð fyrir hópinn. Spurt var meðal annars hvort þolið sé mismunandi eftir svæðum innan þess og hvort þolið sé mismunandi eftir ferðamennsku og nýtingu svæðisins. Tveir hópar ræddu þetta þema á Ísafirði og aðrir tveir í Reykjavík.*

1.1.1. Árstíðir – mismunur á svæðum

Helstu niðurstöður umræðnanna voru þær að ágangspolið er misjafnt eftir landgerð og það er helst hún sem segir til um hvort þau séu viðkvæm eða ekki. Þau svæði sem þola hvað verst ágang eru votlendissvæði, mýrarflákar og svæði þar sem er almennt blautt og þau eru víða innan friðlandsins. Svo er svæðið misjafnlega stótt til að þola ágang eftir árstíma og er það sérstaklega viðkvæmt á vorin og snemma á sumrin og jafnvel í vætutíð á haustin. Svæðið þyrfti að vera þurrt eftir hlácutíð, áður en gestir fara að koma þangað í miklu mæli. Þá var bent á að svæði innan friðlandsins væru misjöfn og þyldu því mismunandi ferðapjónustu. Almennt var rætt um það að stígar og götur við þorpin þyldu meira álag en aðrir innviðir en að þar þyrfti þó að passa upp á þolmörk hús- og landeigenda sem þar dvelja.

1.1.2. Skemmtiferðaskip

Allir hóparnir voru almennt á því að ekki ætti að leyfa komu né landtöku skemmtiferðaskipa við friðlandsmörk eða að takmarka ætti gesti skemmtiferðaskipa innan friðlandsins. Væru skemmtiferðaskip leyfð þyrfti að setja fram reglur varðandi hvar þau væru leyfð og hversu margir farþegar mættu taka land. Var rætt um það að mjög stórir hópar geta spillt landi á stuttum tíma og því geti komur skemmtiferðaskipa haft neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins. Svæðið hafi einkennst af lágstemmdri ferðamennsku og kyrrð og stórir hópar ferðafólks samsvari ekki þeim einkennum. Bent var á að skipin þurfa ávallt að vera með vottorð frá síðasta landtökustað og þar sem að engin höfn er í friðlandinu mega þau eflaust ekki taka land þar. Var m.a. lagt til að beitt væri ákvæðum náttúruverndarlaga til að banna komu skemmtiferðaskipa til friðlandsins. Þá var lagt til að ferðamennskan væri í sátt við náttúruna og samfélagið og að lagt væri kapp á það að heimafólk, sem hefði þekkingu á svæðinu, kæmu að því að ferja fólk inn á það.

1.1.3. Tegund ferðamennsku

Niðurstöður umræðuhópana eru almennt á þann veg að friðlandið henti helst ekki öðrum ferðamáta en gangandi fólk. Hjólaferðir um friðlandið eru nýjar á nálinni en vinsældir þeirra geti aukist og ferðapjónustuaðilar sem bjóða upp á slíkar ferðir einnig. Ljóst sé að svæðið beri ekki hjólaferðir eins og það er stótt núna. Kom fram hjá sumum hópum að hjól ættu ekki heima innan friðlands og ætti að setja reglur þess efnis fram um svæðið. Þó kom fram einnig fram öndvert sjónarmið um að bæta þyrfti innviði varðandi hjóltreiddar, t.d. á leiðinni frá Hesteyri að Aðalvík. Þá var lagt til að ef hjóltreiddar væru leyfðar þá væri það einungis inni á afmörkuðum svæðum.

1.1.4. Fjórhjól

Almenn niðurstaða umræðna var á þá leið að taka þurfi fjórhjólaumferð fastari tökum og semja skýrar reglur um notkun þeirra. Fjórhjól séu nytjateki sem almennt eigi bara að þjóna því hlutverki að ferja

fólk og vistir. Var bent á að almennt væru landeigendur á þeirri skoðun en að almennar leiðbeiningar varðandi notkun hjólanna vanti. Lagt var t.d. til að settar væru reglur um notkun slíkra hjóla og merktir slóðar þar sem þau má nota. Bent var einnig á að Umhverfisstofnun gæti sett almennar reglur, t.d. um slóða þar sem nota fjórhjól, sem síðar væru útfærð nánar af landeigendum (Landeigendafélagi Sléttu- og Grunnavíkurrepps) sem myndu þá setja fram tilmæli um tímatakörk á fjórhjólnotkun til að forðast óþarfa truflun af þeirra völdum. Fjórhjólin geta raskað ró landeigenda mikið og kyrrðinni sem fólk sækist eftir á svæðinu. Hentugast væri ef það væru tímatakmarkanir og hjólin aðeins notuð 1-2 tíma í kringum bátsferðir en þó með nauðsynlegum undantekningum t.d. vegna framkvæmda. Þá var einnig rætt um notkun fjórhjóla við framkvæmdir en slík tæki geta gert mikið gagn, þó þurfi að huga að því að frágangur sé í lagi eftir framkvæmdirnar og að það séu jafnvel kröfur um mótvægisáðgerðir og að framkvæmdaraðilar skili framkvæmdarsvæðinu vel af sér og passi að hjólin valdi ekki skemmdum í kringum athafnasvæðið. Þá kom það sjónarmið fram að reglur varðandi fjórhjól þurfi að vera skýrar svo að landeigendur þurfi ekki að vera landverðir. Bent var á að gott væri að fá spjald sem hægt væri að hengja upp í öllum húsam.

1.1.5. Innviðir og þolmörk

Varðandi takmarkanir á fjölda gesta kom fram sú afstaða að svæðið tekur ekki endalaust við gestum. Mismunandi aðstæður á svæðinu kalli á mismunandi ferðaþjónustu og uppbyggingu. Huga þyrfti að innviðum og uppbyggingu ef svæðið á að þola fleiri gesti því innviðirnir eins og þeir eru í dag geti ekki tekið við miklum meiri fjölda fólks en þeim sem koma nú þegar. Þó svæðið sé vissulega umfangsmikið þá séu innviðir í lágmarki innan þess. Sum svæði eru illa farin, t.d. Miðfellið og spurt var hvort það ætti að fara í uppbyggingu þar. Bent var á að ef farið yrði í takmarkanir gesta innan svæðisins þyrfti að skilgreina hvernig það yrði útfært. Mismunandi skoðanir komu fram um það hvort takmarka ætti fjölda fólks í hópaferðum og hvort það hefði áhrif til að draga úr álagi. Sumir bentu á að það skipti ekki máli hvort tveir 20 manna hópar gengu um svæðið eða einn 40 manna. Þó var almenn samstaða um að stórir hópar, líkt og þeir sem komi með skemmtiferðaskipum þar sem nokkur hundruð manns geta komið í einu, væru almennt of stórir til að innviði svæðisins bæri þá. Þegar væri verið að líta á hópastærðir þá væri svæðin líka misjöfn, sum svæði bæru illa dagsferðir og hópa en önnur. Bent var á að það mætti setja hámark á ferðir frá Ísafirði en samt með þeim hætti að það sé jafnvægi því að ferðirnar eru samfélaginu og jafnvel landeigendum til góðs.

Kamrar, tjaldsvæði, merkingar og aðrir innviðir séu í raun það sem takmarki fjölda innan svæðisins og ákvarði hve margir geti sótt það heim. Bent var á að það þurfi að ítreka það að gestir tjaldi á skilgreindum tjaldsvæðum. Þá þurfi að merkja leiðir að kömrum og kamrana sjálfa einnig.

Rætt var um það að innviðauppbygging geti verið tvíbent á sama tíma og uppbygging geti dregið úr þoli, t.d. heimafélks, annarra ferðamanna og lífríkis en engin uppbygging getur gert það að verkum að álag vegna ágangs sé mikið, t.d. á gróður. Það þurfi jafnvægi þarna á milli. Bent var á að svæðið þoli almennt meira ef það eru betri merkingar og meira af merkingum ásamt vel skilgreindum slóðum sem fólk fylgir, frekar en ef fólk fer út um allt. Rætt var um ástand leið og merkinga og bent á að sums staðar séu merktar gönguleiðir þar sem engin sé slóð og að það þurfi að gæta þess að fólk fari ekki slíkar slóðir en slíkar slóðir er t.d. að finna á kortum frá ferðaþjónustuaðilum. Forða þarf að fólk fari í ógöngur með því að gera slóða sýnilega og tilvísanir á þá líka. Suma slóða þarf að merkja á meðan að aðra þarf að leggja niður og vísa fólki betri og öruggari leiðir. Hvað varðar hættulegar leiðir innan friðlandsins þurfa

að minnsta kosti að vera merkingar um hættur sem geta leynst á leiðunum því fólk er ekki alltaf meðvitað um hættur. Þá var bent á að stundum eru stíkur þreyttar og lúnar og mætti halda þeim betur við.

Þegar rætt var um ágangspól þá þarf að afla gagna til að geta metið það almennilega. Bent var á ákveðin svæði sem reynir mest á, t.d. á Hesteyri en að jafnframt væri það svæði sem væri helst í stakk búið að taka á móti fjölda fólks. Þar væru góðir vegir og tiltölulega þurr. Stakkadalur og Miðvík væru hins vegar svæði þar sem er blautt undirlag og þoli því verr ágang. Svo þarf að gæta einng að þoli heimafólks, eins og t.d. á Hesteyri. Bent var á að þegar fer að sjá á landinu þá er komið að takmörkum þess.

Rætt var um tilmæli til ferðapjónustuaðila og bent á að þau þurfi að vera skýr og útskýrt af hverju verið er að biðla til ferðapjónustuaðila að gera eitthvað eða gera ekki eitthvað. Þannig væri líklegra að ferðapjónustuaðilar skildu tilgang þeirra. Tilmælin þurfa einnig að vera í stöðugri þróun í takt við það sem er að gerast inni á svæðinu.

Mikið var rætt um landvörslu og var mikill samhugur varðandi þörf á aukinni landvörslu innan Hornstrandafriðlands þannig að þeir geti sinnt öllu svæðinu. Bent var á landverðir væri stór hluti af þolinu, með aukinni landvörslu þolir svæðið aukinn fjölda gesta.

1.1.6. Vetrarferðamennska

Rætt var um vetrarferðamennsku og vélsleðaferðir og bent á að mikið væri farið á vélsleðum um friðlandið þó notkun þeirra sé óheimil nema með leyfi Umhverfisstofnunar, samkvæmt ákvæði friðlýsingar. Þörf er á átaki til þess að koma í veg fyrir þennan akstur, sér í lagi þegar svæðið er snjólétt og viðkvæmt fyrir.

1.1.7. Lífríki - ágengar tegundir

Misjafnar skoðanir komu upp varðandi áhrif refsins á lífríki friðlandsins, meðal annars um fækkun mófugls á einstaka svæðum. Þá var rætt um ágengar tegundir líkt og kerfillinn sem stíflar læki og býr til votlendi, hvönnin hopar undir honum og svæði verða viðkvæmari vegna vætu. Einnig var rætt um lúpínu, hún var í Þverdal en var útrýmt þar. Hún er enn á tveimur stöðum á Sæbóli. Landeigendur hafa tekið að sér að uppræta hana á sumur stöðum innan friðlands.

1.1.8. Samstarf

Áttthagafélögin gætu verið tilbúin til að vinna að sjálfbærliðaverkefnum með Umhverfisstofnun. Vel væri hægt að virkja landeigendur í vinnutarnir, sem eru skipulagðar á svæðinu. Hefð er fyrir því að áttthagafélögin vinni saman að uppbyggingu hús o.fl. og var lagt til að Umhverfisstofnun myndi virkja land- og húseigendur í sjálfbærliðavinnu við verkefni þar sem mannafla er þörf. Bent var á að það eru hagsmunir landeigenda að svæðið sé til fyrirmyndar. Þá eykur slík sjálfbærliðavinna hlutdeild og samtalið á milli stofnunarinnar og landeigenda.

1.1.9. Mönnuð og ómönnuð loftför

Rætt var um mönnuð og ómönnuð loftför. Kyrrðin er eitt aðaleinkenni svæðisins og helsta ástæða þess að flestir koma þangað. Mikilvægt er að viðhalda þessu sérkenni og bent var á að mikið gildi lægi í kyrrðinni og að hún væri aðal verndargildi svæðisins. Bent var á að útsýnisflug rjúfi þessa kyrrð og að hávaði og truflun fylgi því. Þá var bent á að það þurfi að bregðast við flugumferð yfir friðlandinu áður

en hún eykst. Almenn lagðist illa í fundarmenn að þylur lentu að óþörfu og var talið betra að þær notuðu skilgreinda lendingarstaði innan friðlandsins.

Rætt var um dróna og áhrif þeirra sem voru almennt talin slæm og tækin skapa ófrið – bæði á lífríkið og gesti. Þeir geti t.d. verið notaðir til að elta uppi refi. Voru margir á því að banna ætti dróna innan friðlandsins.

1.2. Þema 2 - Framtíðarsýn

Rætt var um framtíðarsýn svæðisins og fundarfólk spurt hvernig það sæi Friðland á Hornströndum fyrir sér í framtíðinni, hvaða uppbygging tilheyrði framtíðinni og hvernig stefna. Tveir hópar ræddu þetta þema á Ísafirði og aðrir tveir í Reykjavík.

1.2.1. Hagsmunir/ferðaþjónusta

Rætt var um ferðamenn og ferðamennsku varðandi framtíðarsýnina og kom þar fram að ákjósanlegra væri að stuðla að því að litlir hópar fari um svæðið til að minnka álag og átroðning. Þannig væri t.d. auðveldara að geta tekið við þeim inn í hús, innviðirnir bæru þá, auðveldara væri að stjórna þeim og að bregðast við í neyð. Svæðið bæri ekki massaferðamennsku að neinu tagi og misjöfn væri getan innan friðlandsins. Áherslan ætti að vera á að fara um svæðið hægt og hljótt og njóta þess. Rætt var um markaðsetningu og varpað fram þeirri spurningu hvernig væri hægt að markaðsetja svæðið, t.d. svo að efnaðari gesti sækji það heim. Þá var því t.d. varpað fram hvort það ætti að selja aðgang að svæðinu, hvort lög heimili slíkt og hvort það væri eitthvað sem hægt væri að stýra. Bent var á að þeir sem njóta ættu að borga. Einnig var rætt um það að skrá gesti friðlandsins og varpað fram þeirri hugmynd að enginn færi inn nema sá hinn væri búinn að skrá sig og nefnd í samanburði dæmi frá Ástralíu. Það að svæðið væri að mestu ónumið væri auðlind. Bent var á mikilvægi þess að sýna ábyrgð í sölu að ferðum inn á svæðið og flutningi fólks inn í friðlandið. Varúð þyrfti að sýna vegna fjölgunar óreyndra eða óþekktra ferðaþjónustufyrirtækja inn í friðlandið. Þekking og ábyrgð væru grundvallaratriði þegar kemur að sölu ferða inn á svæðið.

Spurt var hvort stefnan væri á rétttri leið þegar öll uppbygging byggir á friðlýsingunni í stað þess að taka mið af þörfum hagsmunaaðila, ferðaþjónustuaðila á Ísafirði og landeigenda?

Varðandi innviði þá var rætt um að stígar, leiðbeiningar, merki, skilti og slíkt ætti að viðhalda. Sumt þarfnaðist uppbyggingar. Tjaldsvæði ættu að vera vel merkt og skilgreind, með þjónustu. Huga þyrfti að eftirlitstækjum. Aðstaða og skýli þyrftu að vera til staðar, sem og salerni og bryggjur. Huga þyrfti að vatnsmáli, t.d. á Látrum og jafnvel bora.

Rætt var um uppbyggingu húsa og voru sumir á því að ekki ætti að byggja fleiri hús innan þess. Þá var bent á að erfitt væri að nýta byggingarleyfi sem eru fyrir staði. Þá var rætt um byggingareftirlit og mikilvægi þess að eftirlitið sé samræmt og skilvirkt. Uppbygging bæði innviða til ferðaþjónustu og húsa yrði alltaf að vera í sátt við landið.

Rætt var um landvörslu innan svæðisins og mikilvægi hennar. Einnig var spurt hvað landverðir geti gert og hvað sé þeirra verkvið innan friðlandsins þannig að e.t.v. mætti kynna það landeigendum betur. Rætt var um mikilvægi þess að manna svæðið með landvörðum. Rætt var um að aukning væri á ferðum

t.d. að svæðinu austanverðu en lítið eftirlit þar. Auka þarf eftirlit um allt svæðið. Ferðamenn eru oft vanbúnir og á því þarf að taka. Þá þarf að auka upplýsingar til ferðafólks.

Ítrekað var að friðland skal njóta stjórnunar og ekki skal vera feimni með að fylgja eftir lögum og reglum um svæðið.

1.2.2. Vélknúin ökutæki

Aftur var rætt um flugumferð og þá sérstaklega dróna í sambandi við framtíðarsýnina. Bent var á slæm áhrif þeirra á lífríki og neikvæð áhrif á upplifun en einnig að þeir gætu auðveldað eftirlit. Þá var spurt hvort hægt væri að banna landeigendum að nota dróna innan svæðisins. Þyrluflug ætti að takmarka við landingarstaði og yfirflug væri bannað nema að landingarstað. Almennt ætti að setja reglur um flugumferð yfir friðlandinu.

Þá var rætt um mikilvægi þess að fjórhjól haldi sig á vegum en að merkja þarf slóða fyrir fjórhjólin. Fjórhjól væru vinnutæki og ætti að setja reglur í samræmi við það og framfylgja þeim.

1.2.3. Skemmtiferðaskip

Það var niðurstaða umræðna að banna ætti allt aðgengi skemmtiferðaskipa. Einhverjir komu einnig með þá hugmyndir að gefa ætti skýr tilmæli ef ekki væri nein heimild í lögum til að banna komu skemmtiferðarskipa og þá ætti að skilgreina landtökustaði og hafnarstaði, í samráði við landeigendur. Ljósast væri að svæðið sé ekki í stakk búið að taka á móti skemmtiferðaskipum og þeim fjölda gesta sem þeim fylgir.

1.2.4. Minjar

Leggja þarf áherslu á að hampa minjum um mannvist innan svæðisins.

1.3. Þema 3 – Verndargildi

Í þema 3 var rætt um verndargildi friðlands á Hornströndum. Skrafað var um þá hluti sem hafa gildi innan svæðisins og hvernig viðhalda ætti verndun þeirra.

1.3.1. Menningarminjar

Mikið var rætt um menningarminjar þegar rætt var um verndargildi svæðisins. Bent var á að minjar væru að hverfa í gróður og vitneskjan með fólkinu. Nauðsynlegt væri að skrá þekkingu heimafólks og minjar innnan friðlandsins. Leita ætti til eldri kynslóða og þeirra þekkingar. Kortleggja verði minjar innan svæðisins og hugsa ætti um Hornstrandafriðlandið sem eina heild þegar verið er að fjalla um minjar. Varðveisla menningarminja skilar sér líka í fræðslu en hópar sem koma vilja vita söguna. Gera þarf minjaskrá til að almenningur þekki þær og geti stuðlað að varðveislu þeirra.

Bent var á mikilvægi þess að brenna ekki rusl í grunnum eða tóftum. Huga þurfi að manngerðum gönguleiðum, hleðslum og ræsum en þetta eru allt hluti af menningarminjum svæðisins. Sumir vegir búa við ónægt viðhald og var stígurinn milli Hesteyrar og Sléttu nefndur sem dæmi um óæskilega þróun.

Bent var á að ekki má deiliskipuleggja nema búið sé að skrá fornminjar. Spurt var hverjar kær- og kvörtunarleiðir væru vegna t.d. ónógs viðhalds stíga og varða og því ljóst að upplýsa þarf fólk um hvernig best er að koma ábendingum á framfæri. Þá var bent á að Umhverfisstofnun væri bæði framkvæmdar- og eftirlitsaðili innan friðlandins.

1.3.2. Náttúruminjar

Þegar rætt var um verndargildi náttúruminja var bent á að lítið væri til af rannsóknum um svæðið og að þær væru undirstaða þekkingar á því. Efla þurfi því rannsóknir og vöktun á svæðinu. Rætt var um hvort náttúruminjar væru huglægar og hvort misjafnar skoðanir ríktu um þær milli kynslóða. Var það var fram spurningunni til hvers væri verið að vernda ef enginn mætti skoða? Rætt var um náttúruminjar sem finnast innan friðlandsins og í því samhengi voru nefndir fossar, klettur, votlendi o.fl.

Rætt var um nauðsyn aukinnar fræðslu um svæðið og að myndir af því sýndi ólíkt veðurfar en ferðamenn hafa ákveðna mynd af svæðinu sem á bara við ákveðinn hluta sumarsins. T.d. eiga sumir ferðamenn von á miklum fugli í björgum í ágúst, þegar hann er að mestu farinn. Einnig koma sumir ferðamenn illa búnir inn á svæðið og er þar um að ræða ábyrgð ferðaþjónustuaðila að upplýsa fólk. Fræðslan þarf að vera á vefnum, í gestastofu og á bátum. Kom það fram að gestastofa sé brýn nauðsyn og að hún ætti líka að vera á netinu. Rætt var meðal annars þá hugmynd að hægt væri t.d. að setja það sem skilyrði að fólk myndi heimsækja gestastofuna áður en farið væri inn í friðlandið.

Meira var rætt um aðgangsstýringu í hópunum og voru sumir á því að það þyrfti að vera aðgangsstýring inn á svæðið en þó komu fram mismunandi hugmyndir varðandi aðgangsstýringuna. Bent var á að þrátt fyrir tilmæli um hópastærðir þá hafa hópar aldrei verið jafn stórir. Þá kom fram það sjónarmið að aðgangsstýring býr til auðlind en að hún verði að vera byggð á upplýsingum, ekki tilfinningu. Ferðaþjónustuaðila gætu séð tækifæri í aðgangsstýringu. Spurt var hvernig ætti að takmarka aðgengi, t.d. hvort sumar leiðir væru aðeins farnar með leiðsögumanni eða hvort gera æti kröfu um staðarleiðsögumenn? Gott væri ef áhersla væri frekar á að sýna fólki hvað það má í stað þess að segja alltaf „ekki má“. Hugleitt var hvort innleiða ætti alþjóðlegar gönguleiðamerkingar inni á svæðinu. Svo var rætt um það hvort ekki þyrfti að skilgreina vöruna sem verið er að selja. Einnig var spurt hvernig á svo að varðveita vöruna? Þá var rætt að eftirlit þyrfti að vera með því að farið væri eftir tilmælum Umhverfisstofnunar, það mætti banna og að það ætti ekki að vera feimni þegar kæmi að því að stýra og stjórna friðlandinu.

Virða þarf dýralífið og ekki þeyta lúðra við björg til þess að fá fugl til að fljúga upp. Þá þarf að hindra dreifingu ágengra plantna og uppræta þær innan friðlandsins. Þá var bent á það að stöðugt dýralíf er söluvara og að enginn vilji sjá grátandi refi.

Rætt var um ábyrgð heimamanna og leiðsögufólks og sagt að það eigi að vera fyrirmyndir inni á svæðinni og bent á að margir ferðamenn horfi upp á athafnir sem þeir myndu aldrei gera sjálfir.

Rætt var um það að landeigendur, Umhverfisstofnun og þeir sem vilja nýta svæðið verði að komast að samkomulagi um nýtingu landsins.

Samstaða var um mikilvægi landvörslu til að varðveita náttúruminjar, hún þyrfti að vera víðar um svæðið og yfir lengri tíma.

1.4. Þema 4 - Þjónusta

Hér var rætt um þjónustu inni á svæðinu, ábyrgð umsjónarmanna, fræðslu o.fl.

1.4.1. Sorp

Mikið var rætt um sorp en fólk ber að taka sorp með sér til baka og farga því. Rætt var um hvort möguleiki væri á því að einhver færi ruslaferð á sumrin. Misjafnt er hvernig sorp er meðhöndlað en algengt að rusl sé flokkað, brennt eða flutt. Bátarnir sem ferja fólk og vistir eru litlir og fólk ekki gert kleift að losna við rusl. Það þarf leiðir til að farga því á staðnum að mati sumra. Auðvelda þarf einnig ferðamönnum að losa sig við rusl og eru tinnur misnotaðar.

Þá kom fram að upplýsa þarf ferðamenn og einnig húsafólk sem er búsett utan Ísafjarðar og þekkir ekki til um meðferð á sorpi.

1.4.2. Viðvera

Skerpa þarf á hlutverki landvarða. Hvaða heimildir hafa þeir t.d.? Hver er viðvera þeirra. Bæði er óljóst. Landvarðaskýrsla er þó gagnleg. Landverðir sjást ekki alls staðar í friðlandinu og eru með litla viðveru á sumum stöðum. Upplýsa þarf betur um viðveru þeirra. Þá þarf að stuðla að frekara samstarfi við ferðapjónustuaðila og húsafólk.

1.4.3. Fræðsla

Það þarf að upplýsa ferðamenn, t.d. um það að ekki má tjalda hvar sem er. Því var velt fram hvort að innheimta ætti gjald fyrir að fara inn á svæðið og á sama tíma væru upplýsingar afhentar fólk. En þó væri ekki innheimt gjald af landeigendum.

Kom það fram að vonir eru bundnar við Hornstrandarstofu og möguleikunum á fræðslu þar.

Þá voru sumir á því að landeigendur eru upplýstir en að upplýsa þarf hinn almenna ferðamann. Öndverð sjónarmið komu einnig fram, þ.e. að ferðamenn séu almennt frekar upplýstir en þeir sem dvelja í húsunum.

1.4.4. Öryggi

Nauðsynlegt að tryggja neyðarsímasamband og upplýsingar um það hvar það er að finna. Yfirfara þarf talstöðvar í neyðarskýlum og upplýsa um hvaða rásir eru virkar.

Þá var rætt um möguleikann á því að hafa tilkynningarþjónustu inn á svæðið.